

Nd.

487. Frumvarp til laga

[231. mál]

um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað 11. liðar 2. gr. laganna komi tveir töluliðir, svofelldir, og breytast töluliðir greinarinnar skv. því:

11. Dalvíkurumdæmi: Ólafsfjörður, Dalvík, Svarfaðardalshreppur, Hrísey, Árskógsstrandarhreppur.
12. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur þetta frumvarp að beiðni landbúnaðarráðherra. Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma. Frumvarpinu fylgdu eftirfarandi athugasemdir og fylgiskjöl:

Frumvarp sama efnis og þetta var flutt á síðasta þingi, en hlaut ekki afgreiðslu, og er það nú flutt aftur að beiðni sveitarstjórna í viðkomandi hreppum. Fyrir liggur umsögn yfirdýralæknis, og mælir hann með lagabreytingunni, sbr. fylgiskjal I. Hér fer á eftir greinargerð sú, er fylgdi frumvarpinu, er það var lagt fram á síðasta þingi.

„Efni þessa frumvarps er það, að lagt er til, að löggilt verði nýtt dýralæknisumdæmi, Dalvíkurumdæmi, og nái það yfir Ólafsfjörð, Svarfaðardalshrepp, Hrísey og Árskógsstrandarhrepp, auk Dalvíkurhrepps, en Eyjafjarðarumdæmin vestri og eystri minnki í samræmi við það.

Breyting þessi er talin brýn nauðsyn búfjáreigendum í hinu nýja umdæmi, sem lagt er til að stofnað verði, vegna þess hve Vestur-Eyjafjarðarumdæmi er viðáttumikið og svo annasamt, að reynzt hefur algerlega ofviða einum manni. Hefur þetta leitt til þess, að bændur við utanverðan Eyjafjörð hafa orðið mjög afskiptir um nauðsynlega þjónustu dýralæknis. Hafa þeir reynt að leysa þennan vanda sinn með því að ráða ólærðan mann til dýralæknisstarfa í hluta umdæmisins, en slíkt er auðvitað hvergi nærri fullnægjandi, og auk þess hefur það í för með sér tilfinnanlegan kostnað, sem aðrir þurfa yfirleitt ekki að bera.

Örðugleikar hafa verið á að fá nægilega marga lærða dýralækna til starfa, en horfur eru nú á, að úr því rætist, og hafa sveitarstjórnir í fyrirhuguðu Dalvíkurumdæmi augastað á ungum lækni, sem fús mun til starfa í því umdæmi, verði til þess stofnað. Þykir flm. því einsýnt að verða við óskum Svarfdælinga og annarra þeirra, sem hér hafa hagsmuna að gæta.“

### Fylgiskjal I.

#### YFIRDÝRALÆKNIRINN

Reykjavík.

27. nóvember 1970.

Mér hefur borizt til umsagnar frá háttvirtri landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis frumvarp til laga (113. mál) um breytingar á lögum nr. 31 5. maí 1970, um dýralækna.

Ég tel, að frumvarp þetta, ef að lögum verður, sé mjög til bóta. Ég hef rætt þessi mál við þá tvo dýralækna, sem nú sitja í Eyjafirði, og er það samdóma álit þeirra, að dýralæknir, sem staðsettur yrði á Dalvík, mundi fá ærið nóg að gera.

Rétt er það einnig, eins og fram kemur í greinargerð, að mjög eru bændur í Svarfaðardal og Ólafsfirði afskiptir um dýralæknisþjónustu, þar sem vegalengdir til dýralæknis á Akureyri úr þessum sveitum eru um og yfir 50 km og að vetrinum, oft mjög þungfært vegna snjóa.

Gripafjöldi í þessu fyrirhugaða umdæmi er sem hér segir:

ca. 11 000 fjár, 1600 nautgripir og ca. 250 hross.

Ætti þessi gripafjöldi að veita dýralækni nægilegt verkefni.

Ég vil því mæla með því, að frumvarp þetta verði lögfest, en jafnframt vekja athygli á því, að hæpið er, að dýralæknir fái til þess að gegna þessu umdæmi fyrir en eftir 1—2 ár.

Virðingarfyllst,

Páll A. Pálsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis,  
Reykjavík.

### Fylgiskjal II.

#### YFIRDÝRALÆKNIRINN

Reykjavík.

28. febrúar 1972.

Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins frá 25. þ. m. er leitað eftir umsögn minni á frumvarpi til breytingar á lögum um dýralækna, nr. 30 5. maí 1970.

Á síðastliðnu ári var lagt fram frumvarp á Alþingi um sama efni, en hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Landbúnaðarnefnd efri deildar leitaði þá eftir álitinu mínu, og fylgir það álit í afriti þessu bréfi.

Síðan hefur skoðun mín á þessu máli ekki tekið breytingum, og vil ég enn á ný mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt sem lög af hinu háa Alþingi á þessu ári.

Virðingarfyllst,

Páll A. Pálsson.

Landbúnaðarráðuneytið,  
Reykjavík.

### Fylgiskjal III.

Laugahlíð í Svarfaðardalshreppi, 15. janúar 1972.

Háttvirtir alþingismenn Norðurlandskjördæmis eystra.

Fyrir hönd sveitarfélaga okkar förum við fram á það við ykkur, háttvirtir alþingismenn, að þið flytjið á þessu þingi, sem nú stendur yfir, og vinnið að því að fá samþykkt frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipun dýralækna, þannig að hrepparnir út með Eyjafirði vestanverðum verði gerðir að sérstöku dýralæknisumdæmi, Árskógshreppur, Hriseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Ólafsfjarðarkaupstaður.

Rökin fyrir því, að við förum fram á þetta, eru þau, að þeim, sem til þekkja, er það ljóst, að Guðmundur Knútsen héraðsdýralæknir, sem átt hefur að sinna þessum sveitarfélögum, þar sem þau eru í hans umdæmi, reynist ekki hafa möguleika á því vegna annríkis og eins af hinu, að erfiðar samgöngur, sérstaklega að vetri til, hafa torveldað ferðir hans. Þetta tjáir hann í bréfi, sem fylgir hér með.

Undanfarna áratugi hafa Svarfaðardalshreppur og Dalvíkurhreppur leyst þetta mál þannig að ráða í þetta ólæknislærða menn, og hafa þeir sinnt þessu eins og geta hefur leyft, og er ekki hægt annað að segja en að það hefur orðið bændum á þessum slóðum ómetanlegur styrkur. Þessir menn hafa verið launaðir af áðurnefndum tveim sveitarfélögum, án þess að styrkur frá ríki hafi komið til.

Ráðningartími þess manns, sem nú gegnir þessu starfi, rennur út nú á miðju þessu ári.

Svo er mál með vexti, að úti í Þýskalandi er nú við nám í dýralækningum ungur Dalvíkingur, sem tjáir sig fúsan að taka þetta starf að sér. Hann heitir Ármann Gunnarsson og lýkur námi um mitt næsta sumar og gæti þá tekið til starfa, ef af þessu yrði.

Á síðastliðnu Alþingi flutti Björn Jónsson alþm. mál þetta, en það varð ekki útrætt í þinglok og fékk því ekki endanlega afgreiðslu, enda ekki af okkar hálfu nægilega undirbúið.

Í sambandi við flutning þess var leitað álits ýmissa aðila, og munu þeir, sem þeirri málaleitan svöruðu, allir hafa tekið jákvæða afstöðu til þess, og má vafalaust finna því stað í skjölum Alþingis frá fyrra ári.

Páll Pálsson yfirdýralæknir mun, eftir því sem okkur er kunnugt um, hafa látið það álit sitt í ljós, bæði við Guðmund Knútsen og einnig við Ármann Gunnarsson, að þessi skipan mála væri mjög æskileg, og væntum við þess, að Alþingi verði sér úti um staðfestingu á því.

Þegar á allt þetta er litið, virðist liggja beint fyrir, að málið nái fram að ganga, og eigið þið fullt traust okkar til þess að koma því í höfn, og leyfum við okkur að óska þess, að allir þingmenn kjördæmisins standi að flutningi þess.

Með þessu bréfi fylgja yfirlýsingar um stuðning Guðmundar Knútsen við málið og Ármanns Gunnarssonar um það, að hann sé fús að taka að sér starfið.

Virðingarfyllst,

f. h. viðkomandi sveitarfélaga.

Oddviti Svarfaðardalshrepps,

Hjalti Haraldsson.

Oddviti Árskógshrepps,

Jóhannes R. Traustason.

Sveitarstjórinn Dalvík,

Hilmar Danielsson.

#### Fylgiskjal IV.

##### Yfirlýsing.

Mér hefur borizt beiðni frá hlutaðeigandi aðilum í Svarfaðardal og Ólafsfirði, á Dalvík og Árskógsströnd um álit mitt viðkomandi hugsanlegri stofnun nýs dýralæknishéraðs, sem nær yfir áðurnefnd svæði.

Ég mæli eindregið með, að svo verði gert. Viðkomandi svæði er í mínu héraði.

Röksemdir fyrir því, að ég mæli með, að hér verði stofnað nýtt dýralæknishérað, eru eftirfarandi:

Þetta er mikið landbúnaðarhérað með ca. 1200 mjólkurkúr ásamt geldneyti og sauðfé. Sláturhús er á Dalvík.

Hér frá Akureyri hef ég undanfarin ár ekki getað veitt þessu svæði viðunandi dýralæknisþjónustu vegna annríkis, mikilla vegalengda og ófærðar seinni part vetrar og á vorin, þegar dýralæknisaðstoðar er mest þörf.

Þar að auki er það sláturhúsið á Dalvík. Ég hef framkvæmt þar kjötskoðun undanfarin ár, en ekki fullnægjandi, þar sem enginn tími gefst til eftirlits í húsinu. Sláturhúsið á Akureyri er fullt verkefni. Með Dalvík fer líka talan á sláturfé, sem dýralæknir má skoða á dag samkv. lögum, yfir hámark.

Ég vonast til, að málið gangi vel, og mæli sem sagt með, að stofnað verði nýtt dýralæknishérað á ofanefndu svæði.

Akureyri, 13. janúar 1972.

Guðmundur Knútsen,  
héraðsdýralæknir.

#### Fylgiskjal V.

Eftir beiðni hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps lýsi ég undirritaður mig hér með fúsan að sækja um nýtt dýralæknishérað, sem væntanlega yrði stofnað til við utanverðan Eyjafjörð að vestan, er ég hef lokið námi mínu í dýralæknisfræði.

Dalvík, 10. október 1970.

Ármann Gunnarsson.